



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
Lindargata
101 Reykjavík
Sent í Samráðsgátt

Reykjavík, 25. október 2022

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld (kaupréttir, mútubrot o.fl.), mál nr. 167/2022

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum um skatta og gjöld, þar sem meðal annars er gert ráð fyrir því að tímabundin hækkun skattahvata vegna rannsókn- og þróunar (R&P) verði fest varanlega í lög og skattaleg meðferð kaupréttá í nýsköpunarfyrirtækjum verði endurskoðuð. Samtökin fagna eindregið þessum áformum en þau eru til þess fallin að bæta samkeppnishæfni hugverkaiðnaðar hér á landi sem hefur nú þegar aukið fjölbreytni í útflutningstekjum þjóðarbúsins og skapað verðmæt störf. Samtökin vilja þó koma á framfæri athugasemdum við útfærslu á kaupréttarkerfinu sem kynnt er í frumvarpinu en skilyrðin eru þröng og ekki nægilega hvetjandi að mati samtakanna.

II. Skattahvatar vegna rannsókna og þróunar verði varanlegir

Hugverkaiðnaður hefur fest sig í sessi sem fjórða stoð útflutnings til viðbótar við orkusækinn iðnað, sjávarútveg og ferðaþjónustu. Á árinu 2021 námu útflutningstekjur hugverkaiðnaðar ríflega 192 milljörðum króna og hafa þær vaxið um 91% frá árinu 2013 eða um 91 milljarð króna. Fyrirtæki í hugverkaiðnaði eiga það sameiginlegt að fjárfesta í rannsóknum og þróun sem er uppspretta verðmætasköpunar í greininni. Tækifærum í hugverkaiðnaði eru fá takmörk sett, hvort sem litið er til tölvuleikjagerðar, líftæknaiafurða, heilbrigðistækni, hugbúnaðar eða hátækni á ýmsum sviðum.

Þessi mikli vöxtur hugverkaiðnaðar undanfarin ár er ekki tilviljun. Hann kemur til vegna öflugra frumkvöðla en ekki síst stórstígra breytinga á skilyrðum til nýsköpunar hér á landi sem stjórnvöld hafa ráðist í. Miklar umbætur á skilyrðum og hvötum til nýsköpunar hafa eftir hugverkaiðnað og hvatt fyrirtæki til þess að fjárfesta af enn meiri krafti í nýsköpunarverkefnum á Íslandi.

Skattahvatakerfi fyrir rannsóknir og þróun er burðarásinn í stuðningsumhverfi fyrir nýsköpun hér á landi. Sá hvati sem felst í endurgreiðslum á kostnaði vegna R&P hefur gefið góða raun hér á landi frá því að kerfinu var komið á fyrir um áratug. Það var þó ekki fyrir en stjórnvöld hækkuðu þak og hlutfall endurgreiðslu umtalsvert, fyrst árið 2018 og svo aftur árið 2020, sem fjárfestingin tók almennilega við sér.

Í frumvarpinu er lagt til að endurgreiðslur vegna rannsókna- og þróunar verði gerðar varanlegar. Þannig er lagt til að endurgreiðsluhlutfall fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki verði áfram



35% og fyrir stór 25% auk þess sem þak á tiltækum kostnaði verði 1.100 milljónir króna. Samtökin fagna þessum fyrirætlunum.

III. Kaupréttarkerfi fyrir sprotafyrirtæki

a) Inngangur

Vöxtur í hugverkaiðnaði er fagnaðarefni af ýmsum ástæðum. Iðnaðurinn er síður háður utanaðkomandi sveiflum og áföllum, er útflutningsdrifinn og fyrirtæki í hugverkaiðnaði skapa eftirsóknarverð og verðmæt störf.

Líkt og fram kom í umsögn samtakanna á fyrri stigum þessa máls er helsta vaxtahindrun hugverkaiðnaðar í dag, ekki aðeins hér á landi heldur víða um heim, skortur á mannauði, þá helst fólki með sérhæfða þekkingu og reynslu. Nýleg greining SI sýnir að það vantar um 9 þúsund sérfræðinga á næstu fimm árum til að hámarka vaxtagetu fyrirtækja í hugverkaiðnaði. Öflugt kaupréttarkerfi er lykilatriði til þess að vaxtarfyrirtæki geti fengið til sín vel menntaða og reynslumikla sérfræðinga til þess að keyra áfram þróun, vöxt og markaðssetningu. Reglur í kringum kauprétti starfsmanna fyrirtækja hér á landi hafa ekki gagnast sem skyldi og því fagna samtökin því að lagt sé til að sérstakar reglur gildi um kauprétti í sprotafyrirtækjum.

Eins og samtökin bentu á í umsögnum á fyrri stigum er eignarhald starfsmanna á hlutum í fyrirtækjum eitt af því sem hefur um áráðir einkennt uppbyggingu nýsköpunarfyrirtækja á þeim svæðum þar sem sprottaumhverfið þykir hvað hagfelldast, t.d. í Bandaríkjunum. Slíkt eignarhald hefur síður tíðkast í Evrópu en ríki sem standa framarlega á sviði nýsköpunar, s.s. Bretland, Svíþjóð og Eistland hafa í auknum mæli verið að innleiða slíka hvata. Kaupréttir starfsmanna geta hjálpað til við að laða að hæfileikaríkt starfsfólk til lítilla sprotafyrirtækja með takmarkað fjármagn en háleit markmið. Eignarhald eykur áhuga starfsmanna á verkefnum og velgengni fyrirtækisins og umbunar þeim ef fyrirtækið nær markmiðum sínum.

b) Skilgreining á sprotafyrirtæki

Frumvarpið skilgreinir sprotafyrirtæki með eftirfarandi hætti: Skráð einkahlutafélag eða samlags/sameignarfélag sem fellur undir lög um stuðning við nýsköpunarfyrirtæki, þ.e. stundar rannsóknir eða þróun, sem er innan stærðarmarka 2. tölul. 3. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga, þ.e. að hjá félaginu starfi ekki fleiri en 25 starfsmenn og félagið sé með árlega veltu undir 650 m.kr. og/eða efnahagsreikning undir 650 m.kr. Ef félag er hluti af félagasamstæðu skal miða við samstæðuna í heild á grundvelli samstæðureiknings.

Samtökin telja skynsamlegt að fyrst um sinn sé lagt til grundvallar að reglur þessar gildi fyrir nýsköpunarfyrirtæki á fyrstu stigum. Hins vegar vilja samtökin leggja til að 2. tölul. 3. mgr. 1. tölul. B-liðar 1. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga verði uppfærður á þann veg að miðað sé við að fyrirtæki hafi ekki fleiri en 50 starfsmenn og árleg velta sé undir einum milljarði króna. Almennt er miðað við að sprotafyrirtæki sé komið af fyrstu stigum þegar árleg velta er komin yfir einn milljarð króna, til að mynda er þeim viðmiðum beitt við skilgreiningu á sprotafyrirtæki í Vaxtarsprotanum, Viðurkenningu Samtaka iðnaðarins, Rannís og Háskólans í Reykjavík Þá er 50 starfsmanna viðmiðið í samræmi við til að mynda reglur í Svíþjóð. Margt hefur breyst í íslensku nýsköpunarumhverfi síðan umrædd viðmið voru sett árið 2016 og er nauðsynlegt að þessi mörk verði endurskoðuð til þess að lögin endurspegli til að mynda verðlagsþróun og stöðu á markaði.



c) Anmarkar á skilyrðum

Samtökin telja nauðsynlegt að fleiri breytingar verði gerðar á fyrirbyggjandi frumvarpsdrögum til að hin nýja heimild stuðli að þeim markmiðum sem stefnt er að. Samtökin hvetja stjórnvöld eindregið til þess að líta til annarra Evrópulanda við hönnun á kaupréttarkerfi fyrir íslenskan markað en frumvarpið ber þess ekki merki að lítið hafi verið til nágrannalanda Íslands til samanburðar.

Staðfesting Rannís

Áskilið er að staðfesting Rannís á að fyrirtæki uppfylli skilyrði þurfi að liggja fyrir áður en kaupréttarsamningur er gerður. Samtökin telja ekkert því til fyrirstöðu að hægt sé að leita staðfestingar Rannís á að fyrirtæki uppfylli skilyrðin í einhvern tíma eftir að samningur er gerður. Engin efnisleg rök eru fyrir því að hafna umsókn fyrirtækis sem uppfyllir öll skilyrði ákvæðisins þó að umsókn komi ekki fram fyrr en síðar, að því gefnu að kaupréttur hafi ekki verið nýttur.

Starfsmaður haldi á hlutabréfum í minnst tvö ár

Samtökin telja brýna þörf á að endurskoða ákvæði 4. tl. 1. mgr. 3. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til það skilyrði að sá sem fær kauprétt eigi hlutina í minnst tvö ár eftir að kaupréttur er nýttur. Samtökin telja skilyrðið í andstöðu við tilgang og markmið heimildarinnar en almennir starfsmenn sprotafyrirtækja hafa sjaldnast bolmagn til þess að greiða fyrir kauprétti og binda fjármagn í eignarhlutum í tvö ár. Myndast þarna aðstöðumunur milli starfsmanna sprotafyrirtækja og fjársterkari aðila sem dregur úr getu sprotafyrirtækja til að tryggja aukinn hlut hins almenna launamanns í fyrirtækinu. Kaupréttir eru oft nýttir til þess að koma til móts við þær aðstæður að sprotafyrirtæki bjóði lægri laun og minna starfsöryggi en starfsmenn kunna að eiga kost á hjá stærra fyrirtækjum eða hjá hinu opinbera. Rekstur nýsköpunarfyrirtækja er oft áhættusamur og er tilgangur með kaupréttum fyrst og fremst að veita starfsmönnum hlutdeild í velgengni fyrirtækisins en verja þá fyrir áhættunni af því hlutir félagsins glati virði sínu. Þá er mikilvægt að hafa í huga að kaupréttir eru oft nýttir í samhengi við sölu fyrirtækisins eða þegar félög eru skráð á markað. Tímaramminn í ákvæðinu gerir ekki ráð fyrir þessu og setur því meiri kröfur á almenna starfsmenn en aðra fjárfesta í félaginu. Ekki er sambærilegt ákvæði að finna í löggjöf í nágrannalöndum Íslands og því óljóst hvaða rök standa með því að setja slíkt skilyrði hér á landi.

Kaupréttaráætlanir megi ekki vera til lengri tíma en þriggja ára

Samtökin telja að endurskoða beri þá kröfu að kaupréttir megi ekki ná til lengri tíma en þriggja ára. Óljóst er hver ástæðan er fyrir þessum takmörkunum en almennt eru kaupréttir með um 4 ára líftíma og það ræðst svo af samningum aðila hversu langur tími megi líða frá því að hann er fullunninn og þar til hann er nýttur. Mörg sprotafyrirtæki hafa 10 ára líftíma á nýtingarheimildinni sem má að sé mjög gott fyrir handhafa kaupréttar, en enn og aftur er mikilvægt að halda því til að haga að kaupréttarákvæði eiga að vera til hagsbóta fyrir starfsmenn sprotafyrirtækja. Þrjú ár er í öllu falli alltof þröngt í alþjóðlegum samanburði og ekki í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum Íslands. Samtökin leggja til að þetta tímamark verði lengt í 10 ár.

Kaupverð sé eigi lægra en gangverð eða bókfært virði eiginfjár

Í frumvarpinu er lagt til að kaupverð samkvæmt kaupréttarsamningi sé eigi lægra en gangverð eða bókfært virði eiginfjár samkvæmt síðasta endurskoðaða ársreikningi. Samtökin benda á



að víða er stjórnendum gefið frelsi til þess að ákvarða kaupverð í samráði við starfsmenn sem hljóta kauprétti. Í Eystrasaltslöndunum er fyrirtækjum frjálst að ákvarða kaupverð og geta fyrirtæki jafnvel gefið afslátt, starfsmanninum til hagsbóta. Í Svíþjóð er miðað við síðustu hlutfjárukningu og starfsmönnum gefinn allt að 80% afsláttur af því verði. Í Kanada er kaupverð í kaupréttarsamningi oft allt að 60% undir virði síðustu hlutfjárukningar. Samtökin leggja til að þessua skilyrði verði breytt til þess að tryggja samkeppnishæfni íslenskra sprotafyrirtækja þegar kemur að reglum um kauprétti.

IV. Lokaorð

SI fagna því að til standi að efla stuðningsumhverfi nýsköpunarfyrirtækja með því að festa endurgreiðslur vegna rannsóknar- og þróunarkostnaðar í sessi. Þá telja samtökin mikilvægt að sett verði í lög sérstakt kaupréttarákvæði fyrir nýsköpunarfyrirtæki en hvetja stjórnvöld til þess að endurskoða þau skilyrði sem gerð hafa verið, sbr. athugasemdir hér að ofan. Áframhaldandi vöxtur hugverkaiðnaðar krefst öflugra hvata og atriðin sem sett hafa verið fram í frumvarpinu munu styrkja stöðu fyrirtækja í nýsköpun hér á landi. Samtökin hafa skoðað þessi mál í kjölinn og óska eftir samtali við fjármálaráðuneytið um þau atriði sem hér koma fram.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Nanna Elísa Jakobsdóttir', written over a light grey rectangular background.

Nanna Elísa Jakobsdóttir,

Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði